

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að hætta gjaldtöku í sundlaugum Reykjavíkur fyrir börn 17 ára og yngri

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 8. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fella niður gjaldtöku í sundlaugum Reykjavíkurborgar fyrir börn 17 ára og yngri. Lagt er til að gert verði ráð fyrir þessari breytingu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 og gjaldtöku hætt eigi síðar en í maí 2023.

Greinargerð:

Það er mikilvægt að börn og ungmenni finni að það séu staðir í þeirra hverfi þar sem þau eru velkomin og mega hreyfa sig, leika sér eða jafnvel bara slaka á. Við erum svo heppin að hafa átta sundlaugar í Reykjavík og er nú þegar frítt að fara í sund í þessum laugum fyrir börn á aldrinum 0-5 ára. Að stækka þann hóp barna sem fær frítt í sund fjölgar þeim stöðum þar sem börn geta komið saman í öruggu umhverfi og ræktað félagslega, andlega og líkamlega heilsu. Gjaldtakan í sundlaugunum getur verið hindrun fyrir ákveðna hópa af börnum og er sérstaklega mikilvægt að gefa þeim tækifæri á að njóta sín í hollu umhverfi sundlauganna.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísí Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af menningar-, íþrótt- og tómstundaráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal
e.u.